

**Nd.**

**349. Tillaga**

til þingsályktunar um efnivið til opinna róðrabáta.

Frá bjargráðanefnd.

Alþingi ályktar að skora á landsstjórnina að hlutast til um, að landið verði sem bráðast birgt að áraefni, trjávið og saum, til viðhalds og smíða opinna róðrabáta þar, sem mest er þörf.

Greinargerð.

Stjórnin hefir samkvæmt brjefi bjargráðanefndar, dags. 3. maí þ. á., safnað skýrslum um róðrabáta á öllu landinu og sent bjargráðanefndinni þessar skýrslur. Samkvæmt þeim eru til um 2000 róðrabátar, auk báta í Þingeyjarsýslu, sem skýrslu vantar um. Skýrslurnar telja bátana nógu marga, haldist vjelbátaútvegurinn í svipuðu horfi og hingað til, en teppist hann að meira eða minna leyti sje brýn þörf á að fjölga róðrabátum. Samkvæmt skýrslunum er algerður skortur á báta- og áraefni og saum hvarvetna á landinu, nema á Akureyri. Samkvæmt upplýsingum, sem nefndin hefir fengið annarsstaðar frá, mun og vera nokkuð til af bátaefni í Reykjavík og Hafnarfirði. Nefndin telur bráðnauðsynlegt að bæta úr þessum skorti, og þess vegna þurfi að útvega landinu þegar í sumar efni til viðhalds þeim bátum, sem til eru, og, ef þörf krefur, til aukningar þessum útveg. Þess vegna flytur hún þessa tillögu.